

7. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 20. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

14. apríl 2000

Nr. 287

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Þverá, Höskuldsstaðir og Öngulsstaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin felur í sér breytta landnotkun á hluta þriggja jarða; Þverá, Höskuldsstaða og Öngulsstaða. Breytingin á Þverá felur í sér að á landinu komi golfvallarsvæði í stað opins svæðis til sérstakra nota og opins óbyggðs svæðis. Jafnframt komi frístundahúslóð inn á bændaskógræktarsvæði. Á landi jarðarinnar Höskuldsstaðir komi frístundahúslóð á svæði sem áður var óbyggt opið svæði. Breyting á landi Öngulsstaða felur í sér að 37 ha bændaskógræktarsvæði komi í stað opins óbyggðs svæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. apríl 2000

Nr. 288

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, Arnargerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin varðar afmörkun hesthúsasvæða og félagssvæðis hestamanna og breytist landnotkun að hluta úr óbyggðu svæði í opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Blönduóssbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar. A-hluti.

Almennt.

Gjaldskráin gildir á orkuveitusvæði Rafveitu Hafnarfjarðar. Hún skiptist í tvo hluta:

A-hluta, sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku. Einnig fjallar hann um skilgreiningu á raforkutöxtum, mælaleigu, heimtaugagjöldum, tengigjaldi, innheimtugjaldi, enduropnunargjaldi og álestrargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta, sem sýnir gildandi verð fyrir raforku og aðra verðskrárlíði.

Skýringar:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Heiti</i>
A	Amper	Straumur
V	Volt	Spenna
kW	kílówatt	afl
kW/ár	árskílówatt	árskílówatt
kWh	kílówattstund	orka

Notandi: Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.

Orkukaupandi: Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.

Húsveita: Búnaður notanda, sem tengist einum mæli.

Ársnotkun: Fjöldi kWh, sem notaður er á einu ári.

Afltoppur: Mesta mælda afl, kW, á árinu,

Fast gjald: Gjald, sem greitt er fyrir 365 daga.

Rafveita Hafnarfjarðar selur rafmagn á þann hátt og á því verði sem greint er frá í B-hluta verðskrár rafveitunnar. Virðisaukaskattur leggst á gjaldskrárlíði samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

A. Almenn notkun.

A1. Gildir fyrir alla almenna notkun.

Sjá einnig taxta C1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWh.

Sölu til heimila er heimilt að sérgreina með taxaheiti **B1**.

B. Blönduð notkun.

B2. Fyrir sumarhús, hesthús og bátaskýli. Taxtinn gildir fyrir rafmagnsnotkun þar sem blandast saman almenn notkun og notkun til rafhitunar. Öll raforka er afhent órofin.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.